

**96. fundur umhverfis- og framkvæmdanefndar
haldinn í fjarfundarbúnaði, 28. apríl 2020 og hófst hann kl. 08:10.**

Fundinn sátu:

Nanný Arna Guðmundsdóttir formaður, Steinunn Guðný Einarsdóttir varaformaður, Aðalsteinn Egill Traustason aðalmaður, Helga Dóra Kristjánsdóttir aðalmaður og Magnús Einar Magnússon aðalmaður.

Embættismenn:

Ralf Trylla, umhverfisfulltrúi, Axel Rodriguez Överby, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs og Helga Þuríður Magnúsdóttir, verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Helga Þuríður Magnúsdóttir, verkefnastjóri.

Dagskrá:

1. Vorhreinsun 2020 - 2020040035

Lagt fram minnisblað Ralf Trylla, umhverfisfulltrúa, dags. 22. apríl sl. varðandi vorhreinsunarátak 2020.

Umhverfis- og framkvæmdanefnd hvetur almenning til þess að fara í tiltekt og hreinsunarátakið verði auglýst.

2. Framkvæmdaráð Umhverfisvottunar sveitarfélaga á Vestfjörðum (Earth Check) - 2019020090

Umræður og kynning á Framkvæmdaráði Umhverfisvottunar sveitarfélaga á Vestfjörðum.

Umhverfis- og framkvæmdanefnd þakkar fyrir vinnuna og fagnar silfurvottun EarthCheck á sveitarfélaginu.

3. Kattaeftirlit í Ísafjarðarbæ - 2020040040

Kynntar aðgerðir varðandi málefni villikatta í sveitarfélaginu.

Umhverfis- og framkvæmdanefnd vill minna á reglur um að eigendur hafi kettina sína inni yfir varptíma fugla og sinni því að gelda sína ketti. Sveitarfélagið mun fara í átak í vor og fanga villiketti.

4. Sumarstörf ungmenna 2020 - átaksverkefni - 2020040038

Umræður um átakið og mögulegar útfærslur á verkefnum.

Sviðsstjóra er falið að vinna að mögulegum sumarstörfum fyrir háskólanema.

5. Kría í sveitafélaginu - 2020030082

Áframhaldandi umræður um kríu í sveitafélaginu.

Umhverfisfulltrúa er falið að koma upplýsingum áfram um aðgerðir en umhverfis- og framkvæmdanefnd vill ítreka að krían er friðaður fugl.

6. Göngustígar 2020 - 2020010070

Umræður um stöðu mála í göngustígagerð.

Umhverfisfulltrúa er falið að vinna málið áfram með áningastaði við göngustígana.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 9:22

Nanný Arna Guðmundsdóttir

Steinunn Guðný Einarsdóttir

Aðalsteinn Egill Traustason

Helga Dóra Kristjánsdóttir

Magnús Einar Magnússon

Ralf Trylla

Axel Rodriguez Överby

Helga Þuríður Magnúsdóttir